



Fundargerð

42. fundur sjálfbærnisráðs Reykjaneshreppur, haldinn að Tjarnargötu 12
30. ágúst 2023, kl. 08:15

Viðstaddir: Þórunn Kristín Jónsdóttir varaformaður, Íris Ósk Ólafsdóttir, Aneta Grabowska, Guðni Ívar Guðmundsson, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnisfulltrúi, Silja Kolbrún Skúladóttir fulltrúi ungmennaráðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Sjálfbærnisráð - erindisbréf (2023050182)

Á fundi bæjarstjórnar 20. júní 2023 var samþykkt breyting á samþykkt um stjórn Reykjaneshreppur og fundarskóp bæjarstjórnar. Þar var m.a. gerð sú breyting að heiti framtíðarnefndar var breytt í sjálfbærnisráð og var jafnframt samþykkt breyting á erindisbréfi ráðsins þar að lútandi og hlutverk þess gert skýrara.

Sjálfbærnisráð býður nýjan starfsmann ráðsins, Önnu Karen Sigurjónsdóttur sjálfbærnisfulltrúa Reykjaneshreppur, velkomna til starfa fyrir ráðið. Ráðið fagnar skýrara hlutverki sínu og því leiðarljósi sem Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru fyrir starfsemi ráðsins.

2. Innleiðing á sjálfbærni í allri starfsemi Reykjaneshreppur (2021010385)

Sjálfbærni er rauður þráður í stefnum Reykjaneshreppur. Tryggja þarf að framkvæmdar séu þær aðgerðir sem samþykktar hafa verið og að til staðar sé nauðsynlegt fjármagn, mannauður og annað sem til þess þarf.

Sjálfbærnisráð óskar eftir kynningu frá Guðlaugi Helga Sigurjónssyni, sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs, á innleiðingu aðgerðaáætlunar í umhverfis- og loftslagsstefnu Reykjaneshreppur.

Einnig óskar ráðið eftir kynningu á framkvæmd fjárhagsáætlunargerðar Reykjaneshreppur og hvernig í henni er tryggt að nauðsynlegt fjármagn, mannauður og annað sem þarf sé til staðar til framkvæmdar aðgerða sem framfylgja markmiðum sveitarfélagsins í sjálfbærnimálum.

3. Fjórða iðnbyltingin - aðgerðir sjálfbærnisráðs (2023050187)

Ljóst er að fjórða iðnbyltingin mun hafa mikil áhrif á samfélagið í Reykjaneshreppur sem og heiminn allan. Sjálfbærnisráð telur mikilvægt að stjórnarsýsla sveitarfélagsins sé upplýst um fjórðu iðnbyltinguna og áhrif hennar, áskoranir og tækifæri fyrir samfélagið í Reykjaneshreppur.

Nauðsynlegt er að fjármagn verði sett í greiningar, stefnumótun og aðgerðir í málaflokknum.

Önnu Karen Sigurjónsdóttur sjálfbærnifulltrúa er falið að kanna hvernig best er að miðla upplýsingum inn í stjórnsýsluna til að tryggja að málið komist á dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:50.